

Eftirlitsnefnd með  
fjármálum sveitarfélaga

**EFS**

Til sveitarstjórna

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið  
Sölvhólgötu 7, 150 Reykjavík

Ísafjarðarbær  
MÓTTAKID

18. feb. 2020

Málsnr.

2019030089

Framrit - stjórnskipti  
stól skjalasafns

Reykjavík 10. febrúar 2020

Tilv.: SRN20010024/4.11.1

Efni: Almenn eftirlit með því að fjármál og fjármálastjórn sveitarfélaga séu í samræmi við lög og reglur. Fjárfesting og eftirlit með framvindu á árinu 2019.

Vísað er í bréf eftirlitsnefndarinnar þann 18. mars 2019 þar sem fjallað var um fjárfestingu og eftirlit með framvindu á árinu 2019.

Í sveitarstjórnarlögum er fjallað um hlutverk eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga. Í 79. gr. laganna segir að nefndin skuli fylgjast með fjármálum, þ.m.t. reikningsskilum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga, og bera þau saman við viðmiðanir samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim. Jafnframt segir að eftirlitsnefndin skuli hafa almennt eftirlit með því að fjármál og fjármálastjórn sveitarfélaga séu í samræmi við lög og reglur.

Með hliðsjón af hlutverki eftirlitsnefndarinnar ákvað nefndin að taka til umfjöllunar með hvaða hætti sveitarfélög stæðu að eftirliti og framkvæmd fjárfestinga á árinu 2019.

Við fjárhagsáætlunargerð sveitarfélaga liggur fyrir sundurliðuð áætlun um einstök verkefni sem flokkast í reikningsskilum þeirra sem fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum. Vegna þessa óskar eftirlitsnefndin eftir nánari upplýsingum um framgang þessara verkefna með samanburði við fjárhagsáætlun ársins 2019 með viðaukum og kanna hvernig til hefur tekist að fara að ákvæðum 63. gr. sveitarstjórnarlaga um bindandi ákvæði ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins og gerð viðauka.

Óskað er eftir yfirliti um stöðu einstaka verkefna í árslok 2019 (hlutfallsleg staða gagnvart verkáætlun), samanlagðan útlagðan kostnað, gildandi fjárheimild og breytingar á henni á árinu 2019. Jafnframt er óskað eftir mati á stöðu verkefnis, bæði lokið og áætlað ólokið, gagnvart gildandi fjárheimild. Óskað er eftir upplýsingum um verkefni sem unnið var að á árinu 2019, hvort sem þau áttu upphaf á árinu 2019 eða fyrr. Óskað er eftir að yfirlitið sýni framangreinda þætti fyrir hvern ársfjórðung ársins.

Meðfylgjandi bréfi þessu er leiðbeinandi form sem eftirlitsnefndin sendi til sveitarfélaga með tölvupósti þann 4. júlí 2019. Formið er ekki bindandi útfærsla að svari vegna óska nefndarinnar og sett fram sem leiðbeinandi form.

Óskað er eftir að umbeðnar upplýsingar berist eftirlitsnefndinni að lokinni umræðu í sveitarstjórn og eigi síðar en 60 dögum eftir dagsetningu bréfs þessa. Ef spurningar vakna vegna efni bréfsins, hvetur eftirlitsnefndin viðkomandi til að hafa samband við starfsmann nefndarinnar.

Fyrir hönd eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga

  
Þórir Ólafsson  
formaður

  
Eiríkur Benónýsson

## Fjárfestingar - yfirlit 2019

Tímabil: jan - mars

Heiti verkefnis	Férlí Verks		Fjárhæð		Stöðumat	Eftirfylgni				
	Framkvæmd - Breyting á tímabilinu	Staða verks lok tímabilis	Upphafleg fjárhagsáætlun verks	Hlutfallsleg staða miðað við áætlun			Fjárhæð - Fjárhæð - Breyting á tímabilinu	Staða verks í hlutfalli við fjárhæð		
Verkefni 1	200	1.200	1.800	67%	200	2.000	60%	ATH	ATH	ATH
Verkefni 2	0	2.000	1.900	105%	0	2.000	100%	95%	ATH	ATH
Verkefni 3	0	5.000	4.000	125%	0	3.000	167%	80%	ATH	ATH
Samtals									ATH	ATH
		8.200	7.700			7.000				

### Ferill verks - mæling á framgangi verks miðað við upphaflega fjárhagsáætlun

Framkvæmd - Breyting á tímabilinu - Hver er fjárhæðin sem framkvæmt er fyrir á tímabilinu

Staða verks lok tímabilis - Hver er fjárhæðin sem búið er að bóka á verkið í lok tímabilisins

Upphafleg fjárhagsáætlun verks - Hver var upphafleg fjárhæð í fjárhagsáætlun fyrir verkið í heild sinni

Hlutfallsleg staða miðað við áætlun - Útreikningur á raunstöðu verksins í hlutfalli við upphaflega áætlun

### Fjárhæðir - framgangur verks í samanburði við gildandi fjárhæðir

Fjárhæðir - Breyting á tímabilinu - Hér er fjárhæð viðauka sem gerðir eru á tímabilinu

Fjárhæðir - Staða lok tímabilis - Hér er fjárhæð fjárhæðirnar við lok tímabilisins

Staða verks í hlutfalli við fjárhæðir - Hér er útreikningur á fjárhæð verksins (staða) í hlutfalli við fjárhæðirnar í lok tímabilisins

### Stöðumat - mat verkefnisstjóra á framgangi verksins miðað við framkvæmdastöðu þess

Hlutfallsleg verkstaða - Áætluð framkvæmdastaða - Hver er áætluð fjárhagsleg staða verksins miðað við verklega stöðu þess að mati verkefnisstjóra. Þrátt fyrir að fjárhagsleg staða sýni t.d. að 90% af verkinu sé lokið, kann t.d. 80% mat á verklegri framkvæmd að leiða fram vandáætlun

### Eftirfylgni - sjálfvirkur samanburður sem gefur vísendingar um að staða sé til að skoða einstaka liði nánar

Verk - er ástæða til að skoða betur stöðu verksins gagnvart upphaflegri fjárhagsáætlun

Fjárhæðir - er ástæða til að skoða gildandi fjárhæðir gagnvart núverandi stöðu verksins

Stöðumat - er ástæða til að skoða fjárhæðir með tilliti til stöðumats

